

2. gr.

Fyrir minni háttar brot á samþykkt þessari skal hundaeigandi sæta skriflegri áminningu og greiða allan kostnað er leiðir af brotinu. Ef um ítrekað brot er að ræða eða meiri háttar brot hefur hundaeigandi fyrirgert rétti sínum til að halda hund í Djúpavogshreppi. Skal hann gjalda allan kostnað vegna brotsins og afhenda hund sinn til lögreglu, sem síðan ákveður hvað skuli gert við hundinn.

3. gr.

Hundar úr aðliggjandi sveitum, sem ekki eru í fylgd með eiganda eða umráðamanni, svo og aðrir ómerktir flækingshundar, skulu teknir úr umferð. Gefi eigandi sig eigi fram og/eða vitjar hundsins ekki innan einnar viku, hefur lögreglan heimild til þess að lóga viðkomandi hundi í samræmi við ákvæði 6. kafla dýraverndunarlaganna nr. 15/1994. Merktir hundar á flækingsi skulu einnig teknir úr umferð. Ef eigendur vitja þeirra eigi innan eins sólarhrings og svara ekki til saka fyrir brot á samþykkt þessari, sé um slíkt að ræða hefur lögreglan heimild til þess að lóga hundi án frekari fyrirvara.

Hunda, sem ráðast á eða eru hættulegir mönnum og skepnum, er heimilt að fjarlægja þegar í stað. Heimilt er að lóga slíkum hundum þegar í stað.

Heilbrigðisnefnd hefur eftirlit með hundum samkvæmt samþykkt þessari og skal það tilkynna hreppsnefnd án tafar um allar kærur, sem þeim berast vegna meintra brota á samþykktinni. Heimilt er heilbrigðisnefnd gerist þess þörf að leita aðstoðar lögreglu til að framfylgja ákvæðum samþykktarinnar.

4. gr.

Ofangreind samþykkt hreppsnefndar Djúpavogshrepps staðfestist hér með samkvæmt 22. gr. laga nr. 81/1988, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, til þess að öðlast gildi við birtingu. Frá sama tíma fellur úr gildi samþykkt nr. 341/1987 um hundahald í Búlandshreppi.

Umhverfissráðuneytið, 19. janúar 1995.

F. h. r.

Ingimar Sigurðsson.

Sigurbjörg Sæmundsdóttir.

AUGLÝSING

um skrá Hveragerðisbæjar skv. 2. mgr. 19. gr. laga nr. 94/1986, um kjarasamninga opinberra starfsmanna.

Starfsmenn sem eru undanþegnir verkfalli sbr. ákvæði 19. gr. laga nr. 94/1986:
Launafulltrúi og atvinnumiðlun.
Forstöðumaður í áhaldahúsi.
Staðgengill forstöðumanns í áhaldahúsi.

Hveragerði, 30. janúar 1995.

Einar Mathiesen bæjarstjóri.